



Faghópur I

Fundargerð 13. fundar

Orkustofnun, 24. september 2009, kl. 10:00

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson og Sólborg Una Pálsdóttir.

Forföll:

Fundarfrásögn

1. **Fundargerðir.** Fundargerð síðasta fundar frá í maí var ekki afgreidd.
2. **Staða vinnu faghópsins.** Rætt var um seinkun á gögnum sem vinnan á að byggjast á. T.d. hefur frágangur lista yfir virkjunarkosti dregist frá febrúar fram í lok ágúst, seinkun hefur orðið á gögnum um háhitasvæði og vistkerfi frá Náttúrufræðistofnun Íslands, sem upphaflega áttu að liggja fyrir í vor en þau munu ekki berast fyrr en í lok september, enn vantar heildarskýrslu frá Matís yfir lífríki háhitasvæða þar sem niðurstöður einstakra skýrslna eru dregnar saman og settar í innbyrðis samhengi. Fram kom að skýrsla eftir Jón S. Ólafsson hjá Veiðimálastofnun sem tilbúin átti að vera í sumar mun koma út síðar í haust. Kristinn Haukur mun taka saman yfirlit yfir gögn um lífverur í fórum Náttúrufræðistofnunar. Ástæða er til að allir meðlimir faghópsins fari á ný yfir tiltækar heimildir af svæðum og senda starfsmanni fyrir næsta fund.
3. **Vinnu- og fundaáætlun haustsins.** Formaður faghópsins lagði fram tillögu að vinnulagi fram í desember. Af því sem fram kemur að ofan er rík ástæða til að gefa faghópnum lengri frest fyrir sína vinnu, m.a. er fyrirséð að lítið svigrúm verður til að kalla eftir upplýsingum frá sérfræðingum. Fundarmenn voru sammála um að raunhæft væri að ljúka sómasamlegri vinnu í janúarlök. Formanni var falið að koma þessari samþykkt til formanns verkefnisstjórnar. Fyrir liggur mikil andstaða við að fresta framlagningu niðurstaðna fram yfir áramót. Fundarmenn voru beðnir að senda formanni faghópsins og starfsmanni upplýsingar um þá daga sem þeir væru uppteknir fram í lok janúar.
4. **Aðferðafræði.** Rætt var um nokkur álitamál varðandi aðferðafræði faghópsins.
 - a. **Einkunnaskali.** Ráðlegt væri að lengja einkunnaskala þar sem munur á bestu og verstu kostum kæmi betur fram. Slíkt ætti að auðvelda forgangsröðun. Einkunnir fyrir verðmæti verði þannig 1, 4, 8, 13 og 20 og fyrir áhrif 0, 1,4,8, 13 og 20.
 - b. **Vogtölur.** Fram kom hugmynd um að öll viðföng hefðu jafnt væri, þ.e. 20%. Sólborg Una sagði að upp kæmi verulegar urgur ef menningarminjar myndu vega mun minna en aðrir þættir. Á móti komu þau rök að náttúruminjar, sérstaklega jarðminjar, hefðu hærri sess og meira mikilvægi í samhengi rammaáætlunar. Sólborg bar fram tillögu um að mat yrði endurunnið þar sem allir þættir hefðu jafnt vægi og slík niðurstaða yrði birt í viðauka með skýrslu. Ákveðið var að halda óbreyttu striki en endurmeta vægi síðar.

- c. Dreifing einkunna. Í lok matsvinnunnar skal meta dreifingu einkuna fyrir allt úrtakið. Horfa skal til normal-dreifingar á milli svæða.
 - d. Afmörkun svæða. Skoða þarf sértaklega stöðu ósasvæða. Fá Jórunni Harðardóttur, sérfræðing á Vatnamælingum, á næsta fund 24. sept. Jórunn býr yfir margvíslegum upplýsingum um áhrif virkjana á vatnsföll og ósasvæði, m.a. ný gögn um Lagarfljót í kjölfar Kárahnjúkastíflu. Þær niðurstöður gefa verið viðmið við mat á öðrum vatnsafskostum.
 - e. Magnús og Sólborg ganga frá afmörkun svæða á þekjum sem vantar fyrir næsta fund. Þóra gengur frá almennri skriflegri lýsingu á afmörkun svæða.
 - f. Stærri matshópur. Samstaða er um að kalla til fleiri aðila til að taka þátt í matsvinnunni, bæði varðandi einkunnargjöf en a .m.k. að röðun kosta í endanlega röð. Hentugast er að bæta við aðilum sem sátu í faghópi 1. í 1. áfanga og þekkja til aðferðafræðinnar. Lagt var fram yfirlit um ýmsa sem til greina koma. Ákveðið var að ræða óformlega við nokkra þeirra. Formaður hópsins mun afla upplýsinga um nauðsynleg skrifleg umboð og greiðslu fyrir framlagða vinnu.
5. **Ljósmyndir**. Ástæða er til að bæta við ljósmyndum frá svæðum og virkjunarstöðum inn í gagnagrunn en starfsmaður hefur í fórum sínum 300 ljósmyndir sem faghópur 1 frá 1. áfanga safnaði saman.
6. **Næsti fundur**. Næsti fundur verður haldinn á Orkustofnun fimmtudaginn 24. september kl. 10:00. Hugmynd kom fram um að festa fundartíma haustsins á þessum tíma og stað og stefna að 2-3 klst. Fundartíma.
7. **Fundi slitið kl. 14:00**.